



Aðalfundur Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, haldinn 3. júní 2021 klukkan 15:30 í húsnæði Almannaheilla að Urriðaholtsstræti 14 í Garðabæ.

Jónas Guðmundsson, formaður Almannaheilla, setti fundinn og bar upp tillögu að fundarstjóra og fundarritara.

Dagskrárliðir fundarins voru í samræmi við fundarboð og félagslög.

1. Kosning fundastjóra og fundarritara

Fundarstjóri: Bryndís Snæbjörnsdóttir, Þroskahjálp.

Fundarritari: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, UMFÍ.

Samþykkt samhljóða.

Bryndís tók við fundastjórn og minnti fundargesti á að hafa grímur á andliti.

2. Ávörp

Kristín Ólafsdóttir verkefnastjóri Lýðræðishátíðarinnar fundar fólksins og Ásdís Hannesdóttir, framkvæmdastjóri Norræna félagsins fræddu fundargesti um hátíðina sem fyrirhugaður er í Norræna húsinu og Vatnsmýrinni á sama tíma og Lýðræðishátíð unga fólksins 3.- 4. september 2021. Fram kom í máli þeirra að forseti Íslands og borgarstjóri opni hátíðina og séu nokkur félagasamtök þegar búin að skrá sig til þátttöku. Búið er að ræða við fréttastofu RÚV um mögulegt samstarf og er stefnt á að streyma eins miklu og mögulegt er á samfélagsmiðlum af erindum á fundinum.

Til stóð að Jón Ólafsson prófessor myndi halda erindi um vinnu við siðareglur Almannaheilla. Hann forfallaðist.

3. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár og starfið framundan

Jónas Guðmundsson, formaður Almannaheilla, flutti skýrslur stjórnar. Í skýrslunni var farið yfir helstu atburði á starfsári samtakanna.

- Covid-veirufaraldurinn hafði mikil áhrif starfsemi almannaheillasamtaka á árinu og Almannaheill vöktu athygli á stöðu þeirra í fjölmiðlum og í samskiptum við fulltrúa stjórnvalda.
- Miklar breytingar voru gerðar á skattalegu umhverfi almannaheillasamtaka með lögum sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir.



almannaheill

samtök þriðja geirans

- Ríkisstjórnin lagði aftur fram frumvarp um félög til almannaheilla.
- Almannaheill fékk á árinu húsnæði til umráða að Urriðaholtsstræti 14 í Garðabæ. Húsnæðið er í eigu Líknar- og styrktarsjóðs Oddfellowreglunnar, sem gerði samning við Almannaheill til þriggja ára um leigfrí afnot af húsnæðinu.
- Almannaheill hafa á árinu sótt um aðild að norræna samstarfsnetinu Vaar vision 2030! sem starfar í tengslum við Norræna ráðherraráðið og almannaheillasamtök frá öllum Norðurlöndunum eiga aðild að.

4. Skýrsla um fjárhag Almannaheilla

Guðlaug B. Guðjónsdóttir, gjaldkeri Almannaheilla, kynnti ársreikning samtakanna og flutti skýrslu um fjárhag þeirra.

5. Umræður um skýrslu og fjárhag Almannaheilla

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og fjárhagsreikning. Engar spurningar voru bornar upp.

Skýrsla stjórnar var borin upp til samþykktar. Var hún samþykkt samhljóða.

Reikningar voru bornir upp til samþykktar. Reikningar voru allir samþykktir samhljóða.

Guðlaug fór yfir rekstraráætlun Almannaheilla, sem var samþykkt á fundi stjórnar í maí. Þar kom fram að tekjur yrðu að upphæð 9 milljónir kr. en gjöld 12 milljónir kr. Sagði hún áætlunina miða við að starfsmaður samtakanna yrði í hlutastarfi, sem er mikil breyting frá því sem áður var. Styrkir voru jafnframt áætlaðir 6 milljónir kr. Það eru nokkrir verkefnastyrkir sem samið hefur verið um. Ljóst er að þörf er á meira fjármagni til að tryggj rekstur skrifstofu með viðunandi hætti.

Lögð var fram tillaga stjórnar um að hækka árgjöld aðildarfélaga. Tillagan fól í sér að félög með 100 milljóna króna veltu og meira greiði 150.000 krónur á ári í iðgjald, félög með 50-100 milljóna króna veltu greiði 75.000 krónur á ári og félög með minna en 50 milljóna króna veltu greiði 30.000 krónur á ári í iðgjald. Samþykkt var samhljóða hækka aðildargjöldin með þeim hætti sem tillagan gerði ráð fyrir.

6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.

Jón Pálsson, formaður uppstillinganefndar, kynnti tillögu nefndarinnar um mönnun embætta samtakanna til næsta aðalfundar. Gerði nefndin tillögu um kjör formanns, þriggja manna í aðalstjórn, sjö manna í varastjórn. Þrír aðalmenn sitja áfram þar sem ár er eftir af kjörtímabili þeirra. Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða. Samkvæmt stjórnarkjörinu verða stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga þessir til næsta aðalfundar.



almannaheill

samtök þriðja geirans

Stjórn

Jónas Guðmundsson, formaður (Neytendasamtökin)
Kjörinn til eins árs (2021 – 2022)

Árni Einarsson (FRÆ)
Kjörinn til tveggja ára 2021 (2021-2023)

Guðlaug B. Guðjónsdóttir (Krabbameinsfélag Íslands),
Kjörin til tveggja ára 2020 (2020 – 2022)

Halldór Sævar Guðbergsson (ÖBÍ),
Kjörinn til tveggja ára 2020 (2020 – 2022)

Hildur Helga Gísladóttir (Kvenréttindasamband Íslands),
Kjörin til tveggja ára 2020 (2020 – 2022)

Laufey Guðmundsdóttir (Kvenfélagasamband Íslands)
Kjörin til tveggja ára 2021 (2021-2023)

Vilmundur Gíslason (Proskahjálpi),
Kjörinn til tveggja ára 2021 (2021 – 2023)

Varastjórn (kjörin til eins árs, 2020 – 2021)

Ásdís Eva Hannesdóttir (Norræna félagið)

Einar Hermannsson (SÁÁ)

Elín Sandra Skúladóttir (Kraftur)

Helgi Pétursson (Landsamband eldri borgara)

Hrannar B Arnarson (ADHD samtökin)

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson (UMFÍ)

Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar)

Skoðunarmenn reikninga (kjörnir til eins árs)

Einar Haraldsson (UMFÍ)

Vilhjálmur Bjarnason (Samtök sparifjáreigenda)

Póra Þórarinsdóttir (Ás styrktarfélag) til vara

7. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingatillögur höfðu borist.



8. Kynning á nýjum aðildarfélögum

Guðrún Helga Bjarnadóttir, varaformaður Almannaheilla, kynnti ný aðildarfélög samtakanna. Hún sagði nokkrar umsóknir hafa borist frá aðalfundi Almannaheilla árið 2020 og hafi átta umsóknir verið samþykktar af stjórn. Nýju félögin eru: Hagsmunasamtök heimilanna, Sjálfsbjörg, Hugarafl, Fuglavernd, MND-félagið, KFUM og K, Bien-samtökin og Hannesarholt.

Guðrún Helga sagði fulltrúum félaganna hafa verið boðið á aðalfundinn sem áheyrnarfulltrúum og sé tilhlökkunarefni að vinna með þeim öllum. Hvatti hún fulltrúa félaganna til að sæta lagi og bjóða sig fram þegar sæti býðst í stjórn Almannaheilla.

9. Önnur mál

Að þessu loknu opnaði fundarstjóri fyrir umræður um önnur mál. Hún las upp tillögu sem borist hafði frá stjórn um endurskoðun á siðareglum Almannaheilla. Tillagan var eftirfarandi:

“Í tvö ár hefur starfshópi Almannaheilla unnið að endurskoðun á siðareglum Almannaheilla. Hópurinn hefur rætt um reynslu af og þróun siðareglna hjá stofnunum og fyrirtækjum á undanförunum árum og hvað Almannaheill geti lært af þeim við breytingar á siðareglum samtakanna. Sem dæmi má nefna, eins og fram hefur komið á fundinum, að vaxandi áhersla hefur verið lögð á sáttameðferð vegna kærumála vegna brota á siðareglum.

Aðalfundur Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, haldinn 3. júní 2021, samþykkir að endurskoðun siðareglna samtakanna haldi áfram á komandi starfsári með vinnu starfshóps, fræðslufundi og vinnustofu, sem haldin verði með fulltrúum aðildarfélaga samtakanna.

Stefnt er að því að tillögur um breytingar á reglunum verði fullmótaðar, ræddar í stjórn samtakanna og sendar aðildarfélögunum til umsagnar fyrir árslok 2021.

Endurskoðaðar siðareglur verði afgreiddar af stjórn samtakanna og lagðar fyrir aðalfund samtakanna vorið 2022 til samþykktar”.

Tillagan hafði verið undirbúin af vinnuhópi sem í störfuðu Jón Ólafsson, Jónas Guðmundsson og Ketill Magnússon. Lagt var til í umræðum að vinnuhópur ynni áfram að breytingum á siðareglum Almannaheilla og verði þær lagðar fyrir stjórn í lok árs 2021 en fyrir aðalfund árið 2022.

Tillagan var samþykkt með skýrum meirihluta.



almannaheill

samtök þriðja geirans

Einar Haraldsson, skoðunarmaður reikninga, steig í pontu og lýsti yfir ánægju með húsnæði Almannaheilla. Sagðist hann stoltur af því að vera innan Almannaheilla, það sé mikilvægt þrýstiafl gagnvart ríkisvaldinu og séu þar mörg viðfangsefni.

Rétt áður en fundi var slitið birtist Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, sem hafði verið boðið til fundarins. Hann baðst afsökunar á seinkuninni sem skýrðist af því að að þá voru síðustu daga þings. Willum ræddi um þær skattalagabreytingar gagnvart almannaheillafélögum sem nýlega höfðu verið samþykktar. Willum sagði þær gagnast ótrúlega mörgum.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá aðalfundarins.

10. Fundi slitið

Jónas Guðmundsson, endurkjörinn formaður Almannaheilla þakkaði um leið og hann sleit fundi traust fundarmanna; stjórnarmönnum sem voru að hætta þakkaði hann fyrir samstarfið og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Sagði hann vilja til að virkja sambandið við aðildarfélögin betur, svo sem með því að halda vinnustofur í haust. lét hann í ljós von um að frumvarp um félög til almannaheilla yrði samþykkt fyrir þinglok (þau voru samþykkt 13. júní).

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17.00.

Fundargestir voru samtals 25.

Fundargerð ritaði Jón Aðalsteinn Bergsveinsson (UMFÍ)